

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 678/2009 um raforkuvirki.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Skilgreining hugtaksins „innflytjandi“ verður svohljóðandi: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan EES sem setur rafföng frá ríki utan EES á markað innan EES.
- b. Við bætist ný skilgreining í réttu stafrófsröð, svohljóðandi:
Ábyrgðarmaður/Ábyrgðaraðili: Eigandi, umráðamaður eða annar sá sem tilnefndur hefur verið til að annast uppsetningu eða rekstur raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og ber ábyrgð á lögmætu ástandi þeirra.

2. gr.

Grein 3.5 fellur brott ásamt fyrirsögn.

3. gr.

Grein 4.5.3.1 fellur brott ásamt fyrirsögn.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. október 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.